



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Nýsköpun hefur í vaxandi mæli orðið drifkraftur efnahagslífs og þjóðfélagsþróunar og ný tækni hefur umbylt lífsstíl okkar og atvinnuháttum. Í rauninni er hraði breytinganna orðinn slíkur að við eigum oft fullt í fangi með að halda áttum. Þá þurfum við umfram allt að huga að því að jafnvægi ríki milli vinnuskyldu og einkalífs, að við endurnýjum orkuna sem gerir okkur kleift að skila góðu verki.

Hið gullna jafnvægi er samvinnuverkefni stjórnenda á opinberum vettvangi og í fyrirtækjum og starfsfólksins sem þar sinnir daglegri önn. Markmiðið er að auka skilning á því hvernig samhæfing á einkalífi og skyldum í starfi getur skilað góðum árangri, bætt afköst og aukið ánægjuna sem allir njóta þegar vel tekst til. Verkefnið hefur sýnt okkur hvernig nýsköpun í mannlegum samskiptum getur ekki síður en nýjungar í tækni og hugbúnaði bætt verklag og hagkvæmni, aukið arðsemi og afköst, skapað hollustu og samheldni sem gera starfsfólk betur í stakk búið til að glíma við vandamálin.

Með áherslum á aukinn sveigjanleika, félagslega ábyrgð og þær skyldur sem við öll berum gagnvart fjölskyldu og uppeldi barna og unglunga hafa fyrirtæki og stofnanir sýnt starfsfólki sínu að umhyggja fyrir velferð þess treystir í senn stöðu og framgang starfseminnar. Hið gullna jafnvægi hefur aukið til muna skilninginn á samhenginu sem í þessum efnum ræður miklu og um leið sýnt okkur hvernig aðrar þjóðir hafa með árangri leitast við að fara inn á nýjar brautir. Hin alþjóðlega þróun hefur gert okkur kleift að tileinka okkur aðferðir, viðhorf og starfshætti sem annars staðar hafa gefist vel.

Mannauðurinn er ekki aðeins forsenda framfara heldur ræður hann úrslitum í þeirri samkeppni sem háð er um hagsæld þjóða. Hæfni okkar og geta til að glíma við vandamálin ræðst bæði af menntun og þjálfun og því að velferð og farsæld ríki í einkalífi, að samhljómur sé milli hvíldar með fjölskyldunni og ábyrgðarinnar sem við berum á vinnustað.

Hið gullna jafnvægi hefur þannig veitt okkur nýja sýn á okkur sjálf og vonandi mun áhrifa verkefnisins gæta sem víðast á komandi árum.